

Fyrirspurn

til sjávarútvegsráðherra um úthlutun Byggðastofnunar og ráðherra á aflaheimildum.

Frá Gísla S. Einarssyni og Jóhanni Ársælssyni.

1. Hvaða skip hafa fengið úthlutað aflaheimildum sem falla undir 9. gr. laga um stjórn fiskveiða og ákvæði til bráðabirgða XXVI í sömu lögum og hversu mikið hefur komið í hlut hvers skips úr sérhverri úthlutun?
2. Í hvaða byggðum sem „að verulegu leyti eru háðar veiðum krókaafلامarksbáta“ eru þeir bátar sem fengið hafa úthlutun skv. 3. mgr. 9. gr. laga um stjórn fiskveiða og hversu mikið kom í hlut hvers byggðarlags? Hversu mikill var aflasamdrátturinn í tonnum talið sundurgreindur eftir byggðarlögum? Við hvaða skip var miðað þegar samdráttur í afla einstakra byggðarlaga var reiknaður út?

Skriflegt svar óskast.